

7. gr.

Fjárhæðir þær, er um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu vera grunnfjárhæðir. Skulu þær breytast árlega í samræmi við breytingar er verða kunna á byggingarvísitölu, í fyrsta skipti vegna innborgana á árinu 1986 miðað við breytingu á byggingarvísitölu frá 31. des. 1984 til 31. des. 1985. Ríkisskattstjóri skal fyrir upphaf tekjuárs birta nýju fjárhæðirnar.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um innlegg á húsnæðissparnaðarreikninga frá 1. júlí 1985. Skattafsláttur skv. 1. gr. vegna innleggs á tveim síðustu ársfjórðungum ársins 1985 kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts 1986.

Gjört í Reykjavík, 26. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verslunaratvinnu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 2. gr. laganna bætist ný mgr. er orðist svo:
Lög þessi taka einnig til leigu myndbanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Aðilar, sem sannanlega stunda leigu myndbanda í atvinnuskyni við gildistöku laganna eða hafa á þeim tíma sannanlega lagt í umtalsverðan kostnað við undirbúning slíks reksturs án þess að hafa verslunarleyfi, skulu innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna sækja um slíkt leyfi. Skal leyfið veitt þótt þeir fullnægi ekki kröfum 4. gr. laganna að öllu leyti.

Gjört í Reykjavík, 12. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.